

Ungmennaráð Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Haldinn: í Árnesi, 6. mars

Tími: kl 20:10

Mætt voru: Iðunn Ósk Jónsdóttir, Ástráður Unnar Sigurðsson, Guðmundur Heiðar Ágústson, Matthías Bjarnason og Freyja Margrét Vilhjálmisdóttir

Dagskrá Fundar

1. Kosningarumræða

Tekið var fyrir hvernig við ættum að nálgast komandi kosningarumræðu sem að var beðið um. Rætt var um að gera myndbönd um fimm atriði í kringum sveitarstjórnar skipulag. Ákváðum að tala við Hannes Einar og MASH um að taka upp og klippa myndböndin. Skipulagning á efninu hefst eftir fund við sveitastjórnina um hvernig þeim finnst hugmyndin og hvaða ummæli þau hafa.

2. UMFÍ Ráðstefna

Við töluðum um hverjir eiga að fara á *Umfí* ráðstefnu 23. – 25. mars og við ákváðum að Matthías Bjarnason og Ástráður Unnar Sigurðsson myndu fara.

Okkar helsta umræðuefni á þinginu væri mótstaða okkar við lækkun kosningaaldurs í sveitastjórnarkosningum. Við erum ekki hrifin af því að 16 – 18 ára ungmenni kjósa, okkur finnst að ungmenni á þessum aldri ekki vera tilbúin fyrir að kjósa.

3. Okkar þátttaka í uppsprettunni

Við ræddum um hvað við myndum vilja gera fyrir unga fólkið á Uppsprettunni og við vildum fyrst ræða við Ungmennafélagið og fá fleiri upplýsingar um hátíðina. Ákveðið er að hafa fund 20. Mars klukkan 20:00

Við ræddum um þá hugmynd að halda ball um kvöldið eftir uppsprettuna. Rætt verður betur við ungmennafélagið í samstarfi við það.

4. Umræða um styrk fyrir fundarhöld

Rætt var um að halda umræðu um að fá borgað fyrir að mæta á fundi. Mörg dæmi eru um að ungmennaráð fái borgað fyrir fundarhöld, en þó þarf ekki að vera bein útgreiðsla. Helst væri fyrir okkur að geta keypt mat og snarl yfir fundinum og fengið bensínið borgað. Sumir eru að koma frá Selfossi eða Laugarvatni til að funda og væri betra ef hægt væri að fá bensínstyrk.

Við óskum eftir fundi með sveitastjórn varðandi þessi málefni.

Fundi slitið klukkan 20:52

